

82
3. maí.

Samkvæmt tilskipun um kaupstaðina á Íslandi frá 17. nóv. 1786 getur hver út-
lendur maður, sem kemur hingað til að taka sjer bólfestu í kaupstöðunum, fengið sjer
borgarabréf samastaðar, ef hann lætur rita nafn sitt í borgaraskrána, vinnur
borgaraeið og fær hjá hlutaðeigandi yfirvaldi borgarabréf, þó verður hann áður að vinna
Danakonungi hollustueið, ef hann ekki þegar áður er danskur þegn. Eptir þessum á-
kvörðunum, sem settar eru í 6. og 7. gr. nefndrar tilskip. og sem bera má saman við
ákvarðanirnar í 8. gr., verður nákvæmlega að breyta, og einkum verður að gefa því gæt-
ur, að til þess að öðlast borgarabréf, útheimtist að hlutaðeigandi setjist að í raun og
veru í einhverjum kaupstað landsins, og gegni öllum þeim skuldbindingum, sem eptir
lögnum liggja kaupstaðarborgurum á herðum með tilliti til sveitarútsvars og annara
gjalda og skatta sbr. lög um tekjuskatt 14. júlí 1877, 10. gr.

83
4. maí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandsiglingar póst-
gufuskipanna.* — Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hefir skrifast á við hið sameinaða
gufuskipafjelag út af bænarskrá þeirri, sem þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með
þóknanlegu brjefi frá 22. marz þ. á., og þar sem farið var fram á breytingar á ferða-
áætlun póstgufuskipanna um Ísland í ár, skal hjer með þjónustusamlega tjáð yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar, að engin breyting getur orðið á umræddri ferðaáætlun póst-
gufuskipanna þetta ár. Aptur á móti hefir gufuskipafjlagið tjáð sig fúst til næstkomandi
ár að fallast á slíkar breytingar í hinni núverandi ferðaáætlun, að annmarkar þjer geti
horfið, sem bent er á í tjeðri bænarskrá að því leyti, er lýtur að Reykjavík og Vest-
mannaeyjum, en fjelagið áskilur sjer, áður en nokkuð sje fast ákveðið í þessu tilliti, að
sjá, hvernig strandsiglingar gufuskipanna takist í ár.

84
11. maí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
sparisjóðinn á Siglufirði.* — Samkvæmt tillögum yðar herra amtmaður vil jeg
hjer með endurveita sparisjóðnum í Siglufirði um næstkomandi 10 ár eða til 10. október
1889 þau hlunnindi, er samkvæmt tilskipun 5. júní 1874 voru veitt tjeðum sjóði með
brjefi mínu frá 10. október s. á.¹⁾ Endurveiting þessi er bundin hinum sömu skilyrðum,
sem tiltekin voru í nefndu brjefi mínu.

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeigendum.

85
14. maí.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um heytoll og ljóstoll af úti-
búi.* — Í brjefi frá 11. þ. m. sögðu stiptysfirvöldin mjer þóknanlegt álit sitt um fyrir-
spurn þ. Bergþórssonar um, hvort sjer beri að fódra nema 1 lamb á ári fyrir prest sinn
og gjalda nema 1 ljóstoll, þó að hann auk hinnar eiginlegu ábúðarjarðar sinnar Leikskála
hafi útibú á annari eignarjörð sinni Þorsteinsstöðum í sömu sókn, en á henni hafi þar
að auki verið 2 húsmenn, er hafi greitt sinn hálfan ljóstoll hvor og annar fódrað 1 lamb
fyrir prestiun.

Um leið og jeg get þess, að jeg sje stiptysfirvöldunum samdóma um, að bóndi, er hefir
útibú á jörð, sem sjerstaklega er metin til dýrleika, sje skyldur til að greiða öll lögboðin
gjöldaf þeirri útjörð sinni og þar á meðal heytoll og ljóstoll, vil jeg mælast til þess, að þjer
tjáið spyrjandanum, að honum sje frjálst að leita úrskurðar dómstólanna um þetta mál.

1) Stjórntíðindi 1874, B. 15.